

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kostnaðar við skipti á tölvu í bifreið sem hann keypti hjá Y. Krefst hann þess að Y endurgreiði sér þann hluta kostnaðar við skiptin sem hann hafi greitt eða kr. 82.124.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 29. mars. Með bréfi dags. 6. apríl var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 15. apríl. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 16. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hinn 18. ágúst 2008 hafa keypt bifreiðina A, af tegundinni B, nýskráða í maí 2005, af Y. Um að bil þremur mánuðum síðar hafi kviknað af og til EPS ljós í mælaborði en ljósið sé fyrir læsi- og skriðvörn á bremsum. Um miðjan október 2009 hafi ljósið tekið að loga stöðugt sem hafi stafað af því að tölva fyrir þennan búnað hafi verið ónýt. Sér hafi verið sagt að skipta þyrfti um tölvuna og myndi það kosta kr. 380.000 auk vinnu. Síðan hafi sér verið gert tilboð „sem ég gekk að með fyrirvara um að ég greiddi 80.000 kr.“

Síðan segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„Ég tel að tölva fyrir læsivörn eigi að endast bílinn og þar með að falla undir 5 ára reglu Evrópusambandsins. Af framangreindum ástæðum fer ég fram á að fá endurgreiddan reikning frá Y að upphæð kr. 82.124.“

IV

Andsvör seljanda

Í tölvupósti Y til kæruneftndarinnar sem andsvör fyrirtækisins fylgdu segir:

„Meðfylgjandi er afrit af svari til X vegna A. Til viðbótar þeim upplýsingum sem þar koma fram hafnar Y því að þessum einstaka hlut sé ætlaður **verulega lengri endingartími** en almennt gerist um söluhluti samanber 27. gr. laganna. Því hafnar Y því að þessi hlutur falli undir 5 ára kvörtunarregluna. Sem viðskiptavelvild, þar sem viðskipti voru tiltölulega nýleg var komið á móts við eiganda og honum einungis gert að greiða ca. 20% af heildarverði viðgerðarinnar.“

Í andsvörum Y er fyrst lýst lagfæringum sem fyrirtækið hafi gert á sinn kostnað 18. nóvember 2008 á bifreið álitsbeiðanda þar sem hún hafi verið í 6 mánaða ábyrgð Y á notuðum bifreiðum. Tekið er fram að engar „villumeldingar“ hafi verið í neinum stýrikerfum bifreiðarinnar og ekki heldur stöðugleikakerfinu (EPS). Á þessum tíma hafði bifreiðinni verið ekið 46.124 km.

Hinn 19. febrúar 2009 tók Y bifreiðina aftur til skoðunar og lagfæringar á sinn kostnað. Þá hafði bifreiðinni verið ekið 50.795 km.

Síðan segir orðrétt í andsvörum:

„09.09 2009. Akstur 59.128 km

Kvartað um að aðvörunarljós logaði vegna stöðugleikakerfisins (ESP). Þá er bifreiðin kódalesin og kom fram bilanakóði „C1288 á brake pressure sensor“. Þessi kóði kemur vegna bilunar í þrýstiskynjara í ventlakistu ABS bremsukerfisins. Veggripskerfið verður óvirkt meðan ljósið logar en bifreiðin er með fullar bremsur og því örugg að öðru leyti. Þar sem þjónustu bifreiðarinnar hafði ekki verið sinnt samkvæmt kröfum B og Y síðan hún kom í þína eigu gerðum við þér tilboð með kostnaðarþátttöku Y upp á 50% þar sem liðið var meira en 1 ár frá kaupum á bifreiðinni af notuðum bílum. Þér var einnig boðið að bíða eftir ódýrari „unorginal“ lausn sem var væntanleg síðar og átti að lagfæra þetta en það hefur ekki gengið eftir. Stöðugleikakerfið er aukabúnaður og ekki skoðunarskylt í bifreiðum við lögbundnar skoðanir.

16.02.2010. Akstur 67.444.

Þú hafðir samband og farið var yfir málið. Í ljósi þess að hin umtalaða ódýrari lausn er og verður líklega ekki í boði bauð Y þér sem velvild að taka á sig stærstan hlutann af viðgerðarkostnaðinum. Heildarkostnaður við viðgerðina var 357.354 kr. en hlutur þinn í þeim kostnaði var 82.124 kr. Þetta er gert þrátt fyrir að bifreiðin hafi ekki verið færð til þjónustuskóðanda samkvæmt þjónustubók og því ekki uppfyllt kröfur Y né B til kostnaðarþátttöku. Þessi viðgerð fór síðan fram og gekkstú frá greiðslu þíns hluta með fyrirvara.

Í ljósi þess sem að ofan er rakið er ljóst að Y hefur í einu og öllu staðið við skuldbindingar og ábyrgðir gagnvart kaupum á þessari bifreið. Sért þú ósáttur við svörin okkar þá hvetjum við þig til að bera þau undir Neytendasamtökin, Neytendastofu eða FÍB eins og þú nefndir að þú ætlaðir að gera.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur að áliti kærunefndarinnar undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 1. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að leggi kaupandi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá því að hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki borið galla fyrir sig síðar.

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina A 18. ágúst 2008 og gera verður ráð fyrir að hún hafi verið afhent honum þann dag. Af gögnum málsins sést að álitsbeiðandi kom með bifreið sína til seljanda 9. september 2009 og kvartaði undan því að aðvörunarljós logaði vegna stöðugleikakerfisins (ESP) en sú bilun var lagfærð 16. febrúar 2010. Var því aðeins rúmt ár liðið frá kaupnum þegar álitsbeiðandi kom kvörtun sinni á framfæri og kvörtun hans því innan þess tíma sem kveðið er á um í 1. málslið 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, en kvörtunarfresturinn byrjar að líða frá afhendingartíma söluhlutar.

Á þessum tíma, þ.e. 9. september 2009, var bifreiðin hins vegar orðin um fjögurra ára og fjögurra mánaða gömul og í ljós kom við tölvulestur að bilun var í þrýstiskynjara í ventlakistu ABS bremsukerfisins samkvæmt því sem lýst er í andsvörum seljanda. Þrýstiskynjari eins og hér um ræðir gegnir því hlutverki að nema vökvaprýsting í hemlakerfi og er sambyggður tölvu og fleiri hlutum í einum íhlut sem gerir það að verkum að bili einn þessara hluta er ekki hægt að skipta honum út heldur þarf að skipta um íhlutinn sjálfan. Við bilun af þessu tagi er hætta á því að þau kerfi sem vinna með íhlutum hætti að vinna eðlilega, þ.e. ABS, EPS og TCS kerfin, en hemlarnir virka áfram en án þess öryggis sem framangreind kerfi veita. Það er því ljóst að við bilun eins og varð í bifreið álitsbeiðanda varð hemlakerfið óvirkt að ákveðnu marki og akstursöryggið því minna. Það er álit kærunefndarinnar að bilun af þessu tagi í ekki eldri bifreið verði að teljast galli í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003, en þar segir að söluhlutur sé gallaður hafi hann ekki þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.

Álitamálið er hins vegar það hvort seljandi, sem í þessu tilfelli flutti bifreiðina inn nýja, eigi að bera kostað af lagfæringu á þessum galla. Í andsvörum seljanda er vikið að því að „þjónustu bifreiðarinnar hafi ekki verið sinnt samkvæmt kröfum B og Y“ eftir að hún kom í eigu álitsbeiðanda. Ekki er nánar skýrt í hverju sú vanræksla var fólgin að álit seljanda og þá ekki heldur hvort hugsanlega megi rekja bilunina sem að framan er lýst til þeirrar vanrækslu, þ.e. að komið hefði verið í veg fyrir hana í þeirri þjónustusköðun sem seljandi nefnir. Þar sem það er ekki upplýst verður niðurstaða kærunefndarinnar ekki á því byggð að bilunina megi rekja til vanrækslu álitsbeiðanda. Kærunefndin telur að sérstök skilyrði sem seljandi kann að setja fyrir ábyrgð fram yfir þau skilyrði sem kveðið er á um í neytendakaupalögum ekki samrýmast ákvæðum laganna, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. þar sem kveðið er á um að lögin séu ófrávíkjanleg, nema hugsanlega í því tilviki að með því sem gert er við þjónustusköðun hefði mátt koma í veg fyrir gallann. Það er hins vegar ekki upplýst að álit kærunefndarinnar að svo hafi verið í því tilviki sem hér um ræðir.

Kærunefndin lítur svo á að framangreindum íhlut bifreiðar verði ætla „verulega lengri endingartíma en almennt gerist um söluhluti“, þ.e. að hann eigi að endast bilanalaust í að minnsta kosti 5 ár, sbr. ákvæði 2. málsliðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að Y beri að greiða viðgerðarkostnað bremsukerfisins að fullu eins og álitsbeiðandi hefur krafist, sbr. ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Þótt álitsbeiðandi hafi á sínum tíma tekið þátt í greiðslu viðgerðarkostnaðar er hvorutveggja að fram kemur í andsvörum að hann hafi greitt með fyrirvara og eins er gert ráð fyrir því í greinargerð með lögum nr. 48/2003 að aðilar glati ekki rétti þótt þeir þekki ekki þann rétt sem þeim er áskilinn í lögnum.

VI

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 82.124.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir